

Ed.

343. Frumvarp

til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Leyning í Siglufirði, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Jörð sú, er þjer ræðir um, er nú leigð Siglufjarðarkaupstað gegn 70 kr. eftirgjaldi. Hún er Siglufirðingum nauðsynleg, bæði til ræktunar fyrir bæjarbúa og hagagöngu fyrir gripi þeirra.

Þess skal getið, að presturinn í Siglufirði, sem hefir umráð jarðarinnar, er meðmæltur sölunni.